

254. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 4. nóvember 2025 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2402299 - Heilsuefning eldra fólks

Verkefnið "Sprækir skagamenn" hefur verið í gangi frá haustinu 2024 og hefur þátttakan verið mikil frá upphafi og eftirspurnin aukist jafnt og þétt. Ræða þarf framhald verkefnisins á árinu 2026 og til framtíðar. Fyrir liggur kostnaðargreining frá ÍA miðað við raunkostnað 2025 og þrjár ólíkar sviðsmyndir lagðar fram.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Emilíu Halldórsdóttur verkefnastjóra ÍA og Heiðari Mar Björnssyni framkvæmdastjóra ÍA fyrir góða yfirferð.

Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum sviðsins að vinna með tillögurnar áfram.

2. 2511001 - Starf verkefnastjóra farsæls frístundastarfs

Ráðið var til tveggja ára í 80% starf verkefnastjóra farsæls frístundastarfs og kostnaði mætt með styrk frá mennta- og barnamálaráðuneyti. Er um að ræða samvinnuverkefni velferðar- og mannréttindasviðs og skóla- og frístundasviðs í þágu þágu farsældar barna hjá Akraneskaupstað.

Hlutverk verkefnastjóra var að leggja grunn að nýrri nálgun í stuðningi við börn með það að markmiði að tryggja öllum börnum sem þurfa stuðning og tækifæri til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.

Verkefnið farsælt frístundastarf fyrir öll börn hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir nýsköpun og nálgun sem byggir á rannsóknum um forvarnargildi þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi. Það er jafnframt liður í heildstæðri sýn Akraneskaupstaðar á inngildandi þjónustu og eitt af 17 metnaðarfullum verkefnum sem styðja við að sveitarfélagið hlaut viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag UNICEF árið 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson
Aníta Eir Einarsdóttir
Einar Brandsson
Sveinborg Kristjánsdóttir

Hildigunnur Árnadóttir

